



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjármálaráðuneytið
Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu

150 REYKJAVÍK

VE/

Rvk. 12.1.2011

Atvinnutryggingagjald

Samkvæmt 2. gr. laga um tryggingagjald skal Atvinnuleysistryggingasjóður gefa fjármálaráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins þar sem gerð sé grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af horfum um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta atvinnutryggingagjalds skal fjármálaráðherra flytja frumvarp þar að lútandi á Alþingi.

Atvinnutryggingagjald er nú 3,81%. Á grundvelli þjóðhagsspár Hagstofunnar frá því í nóvember eru tekjur af atvinnutryggingagjaldi áætlaðar 30.594 m.kr. árið 2011.

Atvinnuleysi er áætlað 7,3% og gjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 23.057 m.kr. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi eru því 7.538 m.kr. hærri en áætluð útgjöld sjóðsins eða sem svarar til 0,94% af gjaldstofni. Atvinnutryggingagjaldið ætti því að lækka í 2,87% og tryggingagjöld í heild úr 8,65% í 7,71%.

Fjármálaráðherra hefur ekki flutt frumvarp um lækkun atvinnutryggingagjalds eins og 2. gr. laga um tryggingagjald kveður á um. Samtök atvinnulífsins krefjast þess að gjaldið verði lækkað í 2,87% og tryggingagjöld í heild í 7,71%.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri